

Skýrsla rýnihóps um rafbækur

desember 2013



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
RAFBÆKUR.....	4
RAFBÆKUR Á MARKAÐI Á ÍSLANDI.....	4
ÍSLENSK BÓKASÖFN OG RAFBÆKUR.....	4
Heilbrigðisvísindabókasafn LSH.....	4
Bókasafn Norræna hússins.....	4
Bókasafn Háskólans í Reykjavík.....	5
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.....	5
Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum	5
TENGING LÝSIGAGNA EBSCOHOST OG EBRARY VIÐ LEITIR.IS.....	5
Samantekt Landskerfis bókasafna.....	5
Ebscohost	6
Primo Central Index og Ebsco API:	6
Ebrary	6
MARC færslur	6
Primo Central Index.....	6
Samantekt	6
SAMANTEKT RÝNIHÓPS UM RAFBÆKUR.....	7
Samantekt Bókasafn Háskólans í Reykjavík.....	7
Samantekt sérfræðisafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands	8
Samantekt Borgarbókasafns Reykjavíkur.....	11
Samantekt Bókasafns Listaháskóla Íslands.....	11
Samantekt Menntaskólans við Hamrahlíð	11
Samantekt Heilbrigðisvísindabókasafn LSH.....	11
UMSAGNIR BÓKASAFNS MENNTAVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS OG BÓKASAFNS HÁSKÓLANS Á AKUREYRI.....	13
Samantekt Bókasafn Menntavísindasvið Háskóla Íslands.....	13
Samantekt Bókasafns Háskólans á Akureyri.....	13
NIDURSTAÐA RÝNIHÓPS UM RAFBÆKUR	14
FYLGISKJAL.....	16
Erindisbréf rýnihóps um rafbækur	16

INNGANGUR

Þann 4. mars 2013 ritaði landsbókavörður erindisbréf rýnihóps um rafbækur í þeim tilgangi að „skoða framboð á rafbókum á markaði og hvaða bókapakkar gætu hentað í áskrift fyrir hvar.is eða Landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum.“ Meðal verkefna var að meta þörf bókasafna fyrir rafbækur, þörf á rafbókum eftir skólastigum, efni rafbóka sem er á markaðnum, kostnað við kaup og áskrift á rafbókum, skoða mismunandi leiðir (model) sem boðið er upp á fyrir rafbækur til bókasafna, skoða tæknileg atriði, skoða lýsigögn og samhæfingu rafbókapakka við leitir.is og gera tillögu um rafbókarefni.

Í rýnihópnum voru: Birgir Björnsson, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni – formaður, Ragna Björk Kristjánsdóttir, Háskólanum í Reykjavík, Sara Stef. Hildardóttir, Listaháskóla Íslands, Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands, Guðrún Kjartansdóttir, Bókasafni Landspítala, Ingvi Þór Kormásson, Borgarbókasafni og Ásdís Hafstað, Bókasafn Menntaskólans við Hamrahlíð.

Fyrsti fundur rýnihópsins var haldinn 23. apríl 2013. Af sérstökum ástæðum voru ekki tók á að kalla rýnihópin samann fyrr, lokafundur var haldinn þriðjudaginn 5. nóvember. Hópurinn hélt átta fundi en meðlimir hans sóttu einnig kynningar og fundi á vegum EBSCOhost og ProQuest og Ebrary. Þá fóru samskipti innan hópsins fram með tölvupóstsendingum og í gegnum síma. Þá var leitað til starfsfólks bókasafna Háskólans á Akureyri og Menntavísindasvið HÍ við að leggja mat á rafbókasöfnin sem til skoðunar voru.

Haft var samband við helstu útgefendur og birgja með það í huga að fá tilraunaaðgang að rafbókasöfnum þeirra. Fljótlega var fallið frá því að óska eftir tilraunaaðgangi að rafbókum frá útgefendum þar sem í ljós kom að umfang þess að leggja mat á rafbækur þeirra yrði meira en hægt væri að sinna samhliða daglegum störfum meðlima rýnihópsins. Ákveðið var að afmarka vinnu rýnihópsins við rafbókalausnir frá dreifingaraðilunum (aggregators) EBSCOhost og ProQuest (sem býður rafbækur í gegnum dótturfyrirtækið Ebrary). Tilraunaaðgangur fékkst að rafbókarpakkanum **eBook Academic Collection** frá EBSCOhost og frá Ebrary var tilraunaaðgangur að **ebrary Academic Complete** og voru upplýsingar um aðganginn sendar til allra háskólabókasafna.

Rýnihópurinn aflaði upplýsinga um útlán íslenskra bókasafna á prentuðu efni úr Gegni um titlafjölda, útlánatölur og fjölda lánþega eftir safnategundum. Upplýsingar sem hér fylgja eiga við árið 2012.

Eftir því sem næst verður komist er um 50% af ritum almenningssafna fræðirit og um 50% skáldrit, í skólasöfnum er talið að um 80% rita sé fræðirit og um 20% skáldrit en hjá sérfræði- eða stjórnsýslusöfnum sé sem næst allur ritakostur fræðilegs eðlis.

Heildarfjöldi titla í íslenskum bókasöfnum um 1.050.974 titlar, fjöldi lánþega um 197.585 og fjöldi útlána 3.562.402. Að meðaltali fékk hver lánþegi því um 18 eintök að láni árið 2012.

Fram kom í gögnunum að fjöldi prentaðra bókartitla í íslenskum háskólabókasöfnum er 659.097 titlar og að fjöldi útlána sömu safna voru 1.838.451 talsins. Lánþegar voru 25.781 og að meðaltali fékk hver lánþegi um 71 eintök að láni árið 2012.

Hjá almenningssöfnum á höfuðborgarsvæðinu var fjöldi titla 503.209, útlán voru 1.633.968 og fjöldi lánþega 41.430. Að meðaltali fékk hver lánþegi því ríflega 39 eintök að láni árið 2012.

Hjá framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu sem eru í Gegni (9) var fjöldi titla 112.353, útlán voru 146.400 og fjöldi lánþega 18.089. Að meðaltali fékk hver lánþegi því riflega 8 eintök að láni árið 2012.

RAFBÆKUR

Bók á rafrænu formi (rafbók) er útgefið efni í bókarlengd sem inniheldur texta með eða án myndefnis sem hægt er að sækja með ýmsum gerðum tölvutækja (electronic devices) s.s. snjallsímum (mobile device), lesbrettum (e-reader) og spjaldtölvum (tablet). Rafbók getur hvort sem er verið rafrænt afrit prentaðrar bókar eða frumútgáfa á rafrænu formi. Mögulegt er að lesa rafbækur beint af gátt (portal) útgefanda eða dreifingaraðila á netinu eða að hlaða þeim í tölvutæki (mobile device) og lesa óháð nettengingu.

Með rafrænum gögnum rafbóka fylgja lýsigögn (metadata) sem lýsa hverri rafbók og nýtast m.a. til að gera rafbækur finnanlegar með leitarvélum í gagnasöfnum útgefanda og dreifingaraðila.

Fjölmörg rafbókasnið (e-book format) eru til en meðal helstu eru **ePub**, **PDF** (*Portable Document Format*), **AZW** og **KF8** frá Amazon.

Kostur ePub sniðsins er að rafbækur aðlagast lestrartæki og lesandi hefur fleiri möguleika á að breyta útliti og framsetningu eftir eigin þörfum. Rafbækur á PDF sniði er ekki hægt að aðlaga með sama hætti því skjöl á þessu formi eru stöðug og aðlagast því ekki lestrartækjum.

Ekki eru allir sammála því hvenær fyrsta rafbókin leit dagsins ljós en rafbækur náðu fótfestu á miðjum áratug þessarar aldar í kjölfar þess að fyrirtækið Sony kynnti lesbretti (e-reading device) árið 2006 en Amazon fylgdi í kjölfarið ári síðar með Kindle-lesbrettið.

RAFBÆKUR Á MARKAÐI Á ÍSLANDI

Íslenskir lesendur geta fengið gefins eða keypt íslenskar og erlendar rafbækur og hljóðbækur beint frá útgefendum eða dreifingar- og söluaðilum. Á Íslandi má efna eins og skinna.is, emma.is, forlagid.is, netbok.is, rafbokavefur.is, ebaekur.is, Eymundsson.is, Netútgáfan, baekur.is, lestu.is, hlusta.is, e-bok.is, hljodbok.is, snara.is, skolavefurinn.is og rafhladan.is. Samkvæmt fréttum hyggjast tvö fyrirtæki, eBækur og Snara ehf stofna rafbókaveitur þar sem boðið verður upp á innlendar og erlendar rafbækur og þeim miðlað með streymi gegn greiðslu mánaðargjalda.

ÍSLENSK BÓKASÖFN OG RAFBÆKUR

Rýnihópurinn aflaði upplýsinga um hjá hvaða bókasöfnum helst er aðgangur að rafbókum.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH

Bókasafnið er áskrifandi að um 400 rafbókum sem eru aðgengilegar á innra neti stofnunarinnar, í Læknagarði, í tölvuveri HÍ í Eirbergi og þá hafa starfsmenn og nemar heilbrigðisvísindasviðs HÍ aðgang um fjaraðganginn Lerkí. Flestar bókana eru frá Ovid og er í eigu bókasafnsins. Undanfarin ár hefur notkun á rafbókum heldur dregist saman.

Bókasafn Norræna hússins

Bókasafnið gerði samning við rafbókarfyrirtækið Elib í apríl-mánuði 2011 um aðgang að raf- og hljóðbókum. Elib er í eigu nokkurra sænskra bókaforlaga. Bókasafnið greiðir Elib ársfjórðungslega eftir fjölda útlána á rafbókum og hljóðbókum í streymi. Samkvæmt samningnum er hámark á fjölda

útlána miðaður við 240 útlán á þriggja mánaða tímabili. Fyrir hvert útlán eru greiddar 20 SEK (um 367 IKR) en rafbækurnar eru á epub-formi. Árið 2012 var fjöldi útlána á rafbókum 556 en 579 útlán á fyrstu þremur ársfjórðungum 2013.

Bókasafn Háskólans í Reykjavík

Í Háskólanum í Reykjavík hafa verið keyptir tveir rafbókapakkar frá því árinu 2011: lagabækur frá Oxford University Press og frá OECD. Efnið er allt aðgengilegt inn á Leitir.is á netinu í HR og svo í gegnum fjaraðgang. Oxford bækurnar voru keyptar því það var eftirspurn eftir fræðibókum á sviði lögfræði. Það eru ekki til notkunartölur fyrir OECD efnið en notkunartölur á Oxford University Press bókunum sýna nokkuð stöðuga notkun frá árinu 2011. Í dag eru u.þ.b. 1.000 titlar í Oxford safninu en niðurhal hefur verið 832 titlar árið 2011, 472 titlar árið 2012 og 317 titlar fyrstu 10 mánuðina árið 2013. Ekki hefur verið aukning á niðurrhali milli ára en mögulega er hægt að skýra það með of lítilli kynningu á bókunum hjá bókasafninu fyrir nemendur og kennara HR.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Bókasafnið hefur undanfarin ár keypt aðgang að ýmsum rafbókum sem eru aðgengilegar á háskólasvæðinu, þar með talið í húsnæði Háskóla Íslands og hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Þetta eru t.d. bækur frá OECD iLibrary. Frá árslokum 2007 hefur verið áskrift að Encyclopedia of Geology, sem er uppláttarrit í jarðvísindum og frá hausti 2008 er aðgangur að Palgrave Dictionary of Economics, sem er uppláttarrit í viðskipta- og hagfræði. Í lok árs 2010 voru keyptar um 19 rafbækur hjá Swets en þær eru aðgengilegar í gegnum MYiLibrary viðmótið. Árið 2011 var keypt rafbókin Oxford Dictionary of the Middle Ages sem er uppláttarrit í miðaldafræði. Þá bættust einnig við Encyclopedia of Perception, sem er alfræðirit í sálfræði og gagnasafnið Women and Social Movements, sem inniheldur frumgögn og ýmsar heimildir um baráttu kvenna fyrir jafnrétti kynjanna. Áskriftir og kaup á rafbókum safnsins eru oft í samvinnu við hinar ýmsu deildir Háskóla Íslands.

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum

Í upphafi árs 2013 tók í gildi samningur Landsaðgangs við Springer útgáfuna um árleg kaup á um 3.000 rafbókartitlum en samningurinn er til þriggja ára. Rafbækurnar eru á fræðasviðunum: Humanities, Social Science & Law; Business and Economics; Computer Science; Biomedical and Life Science; Earth and Environmental Science og eru finnanlegar í gegnum leitir.is, frá SpringerLink leitarviðmótinu og Google Scholar. Notendur geta lesið einstaka kafla í tölvutækjum, sótt einstaka kafla eða hlaðið niður heila rafbók en þær eru á PDF-formi og eru án afritunarvarna.

TENGING LÝSIGAGNA EBSCOHOST OG EBRARY VIÐ LEITIR.IS

Rýnihópurinn leitaði til Landskerfis bókasafna til að leggja mat á tengingu lýsigagna rafbókapakka frá EBSCOhost og ProQuest við leitir.is

Samantekt Landskerfis bókasafna

Vegna athugunar á kaupum á rafbókapökkun hjá Landsaðgangi, hvar.is, reyndum við að meta gæði lýsigagnanna annars vegar MARC færslur og hinsvegar lýsigögn í SFX og Primo Central Index (PCI) fyrir rafbókapakka Ebsco og Ebrary.

Ebscohost

MARC færslur: Upplýsingar frá Ebsco: „The Marc records we supply with our ebook subscriptions origin from OCLC. OCLC have their own website with test files and further information, see <http://psw.oclc.org/list.aspx?set=test> Our customers download their records from the <http://psw.oclc.org> site“.

Marc færslur koma beint frá OCLC. Gæði þeirra er ásættanlegt og verkferlar við hleðslu færslna eru þekktir. Ef færslum er hlaðið í Gegni þarf að endurskoða „fix“ og einnig er spurning um meðhöndlun höfðalista. Það er hægt að vinna með færslurnar, bæta við efnisorðum o.s.frv.

Verkferill vegna hleðslna er vel skilgreindur, bæði hvað varðar nýjar færslur sem bætast við pakkann og einnig hvað varðar færslur sem þarf að eyða.

SFX knowledgebase: Allir titlarnir eiga að vera í SFX og það er hægt að virkja þá með keyrslum.

Primo Central Index og Ebsco API: Ebsco hefur ekki gert efnið sitt aðgengilegt í gegnum PCI. Engu að síður er hægt að gera titlana leitarbæra í PCI og Ebsco API. Ex Libris fullyrðir að hægt sé að gera 80% titlanna aðgengilega í gegnum PCI með því að virkja bækurnar í gegnum aðra birgja, s.s. ekki Ebsco. Það sem út af stendur er gert leitarbært í gegnum Ebsco API. Reynsla okkar af Ebsco API er ekki góð og við teljum að sömu annmarkar gildi með bækurnar og með tímaritin, þ.e.a.s. að Ex Libris fær takmörkuð lýsigögn í hendurnar sem skilar ekki fjöldataölum í flokkunum í niðurstöðulista. Að okkar mati er núverandi leið til að virkja Ebsco efnið í leitir.is ekki ásættanleg.

Ebrary: Hér er slóð á stjórnunaraðgang Ebrary þar sem hægt er að finna ýmsar upplýsingar um lýsigögnin þeirra <http://support.ebrary.com/kb/category/en/admin/>

MARC færslur: Þeir kaupa færslurnar frá BackStage og Library Associates sem bæði eru sérhæfð þjónustufyrirtæki fyrir bókasöfn. Við skoðuðum heimasíður þessara fyrirtækja og höfum enga ástæðu til að ætla annað en að færslurnar séu ásættanlegar og þurfi svipaða meðhöndlun og OCLC færslurnar. Við nánari skoðun kom í ljós að færslurnar eiga margar hverjar uppruna sinn í OCLC.

Verkferill vegna hleðslna er vel skilgreindur, bæði hvað varðar nýjar færslur sem bætast við pakkann og einnig hvað varðar færslur sem þarf að eyða.

SFX knowledgebase: Ex Libris getur ekki á þessu stigi borið saman titlana en benti okkur á að skoða pakkana í SFX knowledgebase. Eftir að hafa skoðað pakkana í SFX knowledgebase teljum við að kjarninn af titlunum séu þar. Titlana er hægt að virkja með keyrslum.

Primo Central Index: Sem stendur eiga Proquest og Ex Libris í samningaviðræðum um að gera Ebrary efnið aðgengilegt í gegnum PCI en á þessu stigi getur Ex Libris ekki gert samanburð.

RDA: Ebrary býður sérstaklega upp á RDA færslur. Varðandi OCLC þá eru lykilsöfn í OCLC mörg farin að skrá samkvæmt RDA og þá innihalda færslurnar sérstöku RDA sviðin. Nýjar sóttar færslur koma æ meir með RDA sviðum og verður það raunveruleiki fljótlega varðandi allar sóttar færslur.

Samantekt

Marc færslur, gæði, verkferlar og viðhald er sambærlegt hjá báðum aðilum. Kjarnaáskriftir eru virkjanlegar í SFX en huga þarf að því í samningum að jaðaráskriftir verði í SFX knowledgebase.

Ex Libris fullyrðir að mögulegt sé að virkja alla Ebcso titlana, annars vegar í gegnum aðra birgja í Primo Central Index og hins vegar Ebsco API. Á þessu stigi er óljóst hvaða birgja þarf að virkja í PCI. Mat Landskerfisins er að á meðan Ebsco afhendir ekki lýsigögn sín til Ex Libris til lykunar í PCI þá sé allt kerfislegt utanumhald um efni flókið og óskilvirkt. Leit að efninu er takmörkuð og aðgengi ekki gott og því er ekki hægt að mæla með þessari leið.

Á þessari stundu eru takmarkaðar upplýsingar um PCI og Ebrary fyrir hendi en þó er líklegt að efnið verði aðgengilegt í PCI í framtíðinni. Á fundi með Ebrary kom fram stefna þeirra um að veita aðgang að efninu sem víðast, þar á meðal að gera það leitarbært í Primo Central Index. Að því gefnu að það gangi eftir er gott aðgengi að efninu tryggt í leitar.is.

SAMANTEKT RÝNIHÓPS UM RAFBÆKUR

Rýnihópurinn er sammála um að mikilvægt er að notendur geti fundið rafbækur eftir fjölbreyttum leiðum. Þá skiptir einnig máli útfærsla leitarvéla, smáforrita og aðgangsstyringar (DRM – Digital Rights Management) ásamt aðlögun leitarviðmóta (Responsive web design) að tölvutækjum. Gera má ráð fyrir að eftir því sem að auðveldara er að finna, skoða og fá rafbækur að láni (án þess að skrá sig með aðgangs- og lykilorðum á mismunandi vefi eða þjónustur) þess líklegra er að notendur nýti sér þær. Miklu skiptir að rafbækur verði leitarbærar í gegnum leitar.is og að innskráningarkerfi Landskerfis nýtist við útlán.

Eftir því sem leið á vinnu rýnihópsins kom í ljós að þarfir og væntingar um rafbækur voru nokkuð ólíkar innan hópsins. Því var brugðið á það ráð að hver og einn í rýnihópnum gerði grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Samantekt Bókasafn Háskólans í Reykjavík

Ragna Björk Kristjánsdóttir

Borin var saman niðurstöður leitar þar sem notuð voru sömu leitarorð fyrst í einfaldri leit og síðar leitað í titlum rafbóka og að lokum var leitað að efni eftir útgefendum.

Leit 1. Leitarhugtak: "**competition law**". Ebrary: 889, Ebrary title: 3, EBSCO: 19, EBSCO title: 1.

Leit 2. Leitarhugtak: "**market research**". Ebrary: 6.695, Ebrary title: 16, EBSCO: 110, EBSCO title: 11

Leit 3. Leitarhugtak: "**physical education**". Ebrary: 4.408, Ebrary title: 21, EBSCO: 5, EBSCO title: 0

Leit 4. Leitarhugtak: **IEEE**. Ebrary: 7.749, Ebrary title: 6, EBSCO: 1, EBSCO title: 0

Leit 5. Leitarhugtak: **robotics**. Ebrary: 3.838, Ebrary title: 16, EBSCO: 39, EBSCO title: 0

Leit 6. Leitarhugtak: "**mind control**". Ebrary: 831, Ebrary title: 2, EBSCO: 3, EBSCO title: 0

Leit 7. Leitarhugtak: "**world war**". Ebrary: 48.433, Ebrary title: 304, EBSCO: 57, EBSCO title: 1

Leit 8. Leitarhugtak: "**financial crisis**". Ebrary: 9.049, Ebrary title: 46, EBSCO: 98, EBSCO title: 8

Leit 9. Leitarhugtak: "**geothermal energy**". Ebrary: 706, Ebrary title: 1, EBSCO: 1, EBSCO title: 0

Leit 10. Leitarhugtak: "**concrete material**". Ebrary: 940, Ebrary title: 0, EBSCO: 0, EBSCO title: 0

Leit 11. Leitarhugtak: "**artificial intelligence**". Ebrary: 6.411, Ebrary title: 56, EBSCO: 19, EBSCO title: 0

Fleiri þekktir útgefendur voru í leitariðurstöðu Ebrary en hjá EBSCOhost, s.s. Wiley og SAGE og ennfremur þekktar háskólaútgáfur s.s. Oxford University Press, MIT Press og John Hopkins University Press.

Meiri hrifning var með titla hjá Ebrary og líklegra að þeir séu nýtilegri.

Viðmót EBSCOhost er metið þægilegra en viðmót Ebrary. Mikilvægt er að leiðir notenda að rafbókunum séu margar og þá sérstaklega möguleikar á tengja lýsigögn þeirra í leitir.is. Rafbækurnar eru leitarbærar í gegnum leitarvélar EBSCOhost og ProQuest en auk þess er sjálfstæð leitarvél hjá Ebrary þar sem einungis er leitað í rafbókum. Líklegt þykir að nemendum HR sé sama hvaðan þeir fái aðgang að rafbókum. Engu að síður þykir kostur geti þeir nýtt eitt leitarviðmót fyrir fjölbreytilegt efni líkt og með leitir.is og síðan þrengt leitarniðurstöðu eftir efnistegund s.s. greinar tímarita eða rafbækur.

Frekar er mælt með Ebrary.

Samantekt sérfræðisafna og Náttúrufræðistofnunar Íslands

Anna Sveinsdóttir

Á rannsóknastofnunum eru frekar keyptar prentaðar bækur en rafrænar og eru nokkrar ástæður fyrir því:

1. Fólk vill frekar halda á bókinni sem það les
2. Lítil sem engin eftirspurn hefur verið eftir rafbókum
3. Ekki eru til staðar tæki til að lesa rafbækur
4. Rafbækur eru dýrari (þó etv. ekki eftir að tollar og vsk. hefur verið greiddur)
5. Erfitt er að halda utan um rafbækurnar vegna þess að
 - a. ekki er staður til að vista þær og tengja svo í Gegni
 - b. ekki er til staðar aðgangsstýringakerfi til að einungis sé hægt að opna bækurnar innan stofnunar

Einhverjir telja að mest þörf gæti verið á handbókum, orðabókum, alfræðiritum og uppflöttiritum. Þetta eru rit sem oft eru endurskoðuð og dýrt að kaupa alltaf nýja prentútgáfu en kæmi etv. betur út að kaupa rafrænt. Mikið er til af uppflöttiritum og handbókum í norrænum háskólum og stofnunum á norrænum tungumálum sem opið aðgengi er að og er það mikið notað. Þeir sem höfðu keypt einhverjar rafbækur sögðu að þetta væru aðallega tölvubækur en sögðu jafnframt að mikið af tölvutækni sé í raun opið á netinu og því ekki mikil þörf á að kaupa tölvubækur.

Í þeim tilfellum sem rafbækur hafa verið keyptar hafa þær ýmist verið sendar til þeirra sem hafa beðið um þær (t.d. tölvubækur) eða þær stranda á tölvu bókasafnsfræðingsins eða á svæði bókasafnsins á sameiginlegu drifi. Þó eru einhver dæmi um að rafbækurnar séu aðgengilegar á innri vef og þá jafnvel skráðar í Gegni í forðafærslu þar sem þær eru ekki aðgengilegar utan stofnunar.

Sumir hafa keypt pdf útgáfur af bókum eða lokaritgerðum en þær eru alltaf prentaðar út líka vegna þess að fólk kys að lesa þær frekar á pappír og þannig er líka hægt að skrá þær í Gegni. Eitthvað er reyndar um það að efni sem fæst t.d. á Internet Archive eða NB digital, eingöngu rafrænt, er skráð í Gegni.

Sérfræðingar eru ánægðir að vita af þeim rafbókum sem keyptar eru og eru jákvæðir fyrir þeim prufuaðgangi sem settur hefur verið í Landsaðgang. Þó er mikilvægt að vita af bókunum á vísu stað frekar en að þeim sé kippt út vegna þess að alltaf er um prufuaðgang að ræða eða áskriftarpakkar breytast.

Flestir svarendur eru jákvæðir fyrir því að skoðað sé að kaupa rafbækur í landsaðgangi og bæta þannig við þann aðgang sem fyrir er.

Mögulegir söluaðilar:

- Brepols (mikið af miðaldafræði). Þar hefur verið í boði áskrift að pakka sem heitir Brepols Miscellanea Online – Essays in Medieval Studies sem væri gott að hafa.
- De Gruyter er með ýmsa handbókapakka á sviði málvísinda eru mikið keyptir á háskólabókasöfnum í öðrum löndum.
- Blackwell (Wiley) hefur gefið út mikið af handbókum sem eru í stöðugri endurskoðun og dýrt að uppfæra. Má skoða hjá Blackwell Reference Online Linguistics collection.
- Wiley: Almenn grunnrit, t.d. í eðlisfræði, tölfræði og efnafræði, ættu líklega heima í almennum pakka
- Oxford University Press
- John Benjamins.
- Cambridge University Press
- Norrænt efni, sérstaklega fyrir menningu og tunugmál (Árnastofnun og Þjóðminjasafn)
- Allir þeir sem samið hefur við um rafræn tímarit í Landsaðgangi

Tafla 1. Prufuleitir á sviði náttúrufræði

Leitarorð: "biodiversity"

	Subject	All text fields / Text and key fields	Titill
EBSCOhost eBook Academic Collection	88	7362	73
ebrary	99	6623	80
Sameiginlegar	28		0

Leitarorð: "gyrfalcon"

	Subject	All text fields / Text and key fields	Titill
EBSCOhost eBook Academic Collection	0	120	0
ebrary	1	81	1
Sameiginlegar	Ekki talið		0

Leitarorð: "Lake ecology"

	Subject	All text fields / Text and key fields	Titill
EBSCOhost eBook Academic Collection	6	54	0
ebrary	6	54	0
Sameiginlegar	1		0

Leitarorð: "geographic information systems"

	Subject	All text fields / Text and key fields	Titill
EBSCOhost eBook Academic Collection	70	1981	4
ebrary	41	1745	2
Sameiginlegar	Ekki talið		

Leitarorð: "environmental monitoring"

	Subject	All text fields / Text and key fields	Titill
EBSCOhost eBook Academic Collection	40	2414	7
ebrary	37	2171	6
Sameiginlegar	Ekki talið		4

Leitarorð: "seismology"

	Subject	All text fields / Text and key fields	Titill
EBSCOhost eBook Academic Collection	21	935	3
ebrary	7	670	2
Sameiginlegar	4		1

Það koma oftast fleiri niðurstöður hjá Ebsco þegar leitað er eftir efni (subject). Í nokkrum tilfellum voru titlar bornir saman og var mismunandi hvað skörunin var mikil. Líklegt er að hún sé yfirleitt um 40%.

Tafla 2. Grófur samanburður á viðmóti

EBSCOhost	Ebrary
bara hægt að sjá eina bls í einu á skjánum, líkt og timarit.is	bara hægt að sjá eina bls í einu á skjánum, líkt og timarit.is
Ekki leitarbært í texta, bara í table of contents.	Leitarbært inn í texta (OCR lesið)
hægt að setja í möppu	hægt að setja í bókahillu
virkar ekki zoom in eða út	hægt að stækka til að lesa á skjánum
ágætis val við leit	betri en EBSCO leitin, hægt að velja úr fleiru auk þess sem leitin nær inn í texta.
koma upp nýrri bækur 2013	koma upp bækur frá 2012 sem nýjasta efni
	notendavænna viðmót að mínu mati
	getur breytt hvað þú færð mikið af upplýsingum í lista; short, medium, long
getur fengið skáldsögur/smásögur, efni fyrir börn/unglinga	einungis fræðibækur koma fram í flokkum, hægt að leita að fiction og fá þá upp ýmislegt oft fræðitengt
margir flokkar, mismunandi efni.	færri flokkar til að leita í
orðabók á ensku sem hægt er að leita í	

Bókasafns- og upplýsingafræðingum í sérfræðisöfnum og sérfræðingum á Náttúrufræðistofnun leist í flestum tilfellum betur á Ebrary en Ebsco. Enginn þeirra var þó í heimildavinnu eða gaf sér góðan tíma í að skoða söfnin. Einhverjir sögðust finna fleiri bækur með skilyrtum leitarorðum í sínu fagi í Ebrary. Þeir leggja áherslu á að mikilvægt sé að hafa aðgang að sömu bókinni til lengri tíma. Þeir töldu rafbókapakkana geta nýst þeim en sögðu jafnframt að aðgangur að tímaritasöfnum sé þeim mikilvægari en aðgangur að rafbókapökkum. Ebrary er því vænlegri kostur í þeirra huga en enginn treysti sér til að taka afgerandi afstöðu.

Samantekt Borgarbókasafns Reykjavíkur

Ingvi Þór Kormáksson

Bókakostur Ebrary þykir ívið hentugri fyrir almenningssöfn en hjá EBSCOhost. Við fljótlega athugun á skáldritum kom í ljós að bókakostur EBSCO var verulega óspennandi en talsvert skárri hjá Ebrary, án þess þó að vera eins og almenningssöfn myndu að líkindum helst kjósa. Báðir aðilar bjóða hins vegar upp á ýmislegt gott í fræðibókageiranum. Fyrir væntanlega notendur skiptir aðgengi líklega miklu máli og þarf að skoða þann þátt í samstarfi við Landskerfi bókasafna. Ef kostnaður að áskrift að Ebrary er ekki viðráðanlegur er áskrift að EBSCO talinn vænlegur kostur, en tilboð þess er nokkru lægra.

Samantekt Bókasafns Listaháskóla Íslands

Sara Stef. Hildardóttir

Eftir prófanir á rafbókapökkum bæði Ebsco og ProQuest (Ebrary) er það mat Bókasafns Listaháskóla Íslands að úrvalið sé ekki það sem svari þörfum nemenda eða kennara skólans. Vefviðmót Ebsco var metið einfaldara og þægilegra en úrvalið slakt, viðmót Ebrary var verra fyrir notendur en úrvalið rétt aðeins betra.

Samantekt Menntaskólans við Hamrahlíð

Ásdís Hafstað

Þörf fyrir rafbækur á framhaldsskólastigi er óljós. Eftirspurn starfsmanna og nemenda lítil sem stafar að einhverju leiti af því að ekki hefur verið mikið framboð af því efni sem skólarnir nota helst svo sem kennslubækur og handbækur. Orðabækur sem aðgengilegar eru á netinu eru þó mikið notaðar og flestir skólarnir áskrifendur að Snöru og nokkrir einnig að ordabok.is

Viðbrögð frá kollegum í framhaldsskólum við fyrirspurn um þörf framhaldsskólana var nær engin. Einnig gekk illa að fá upplýsingar eða svör frá grunnskólum.

Samanburður og skoðun á rafbókapökkum Ebrary og Ebsco.

Nokkrir kennarar í MH skoðuðu sitt áhugasvið í tilraunaaðganginum og fundu margt áhugavert sem hentaði þeirra sviði. Flestir skoðuðu einungis Ebrary vegna þess að auðveldara var að komast inn í safnið. Þurfti ekki aðgangsorð til að skoða hvað var í boði.

Að mörgu leiti fannst mér Ebrary með aðgengilegra viðmót og einföld leit skilaði mun fleiri leitarniðurstöðum en sömu leitarorð í Ebsco. Vægi þeirra var þó oft ansi lítið þegar nánar var skoðað. Ebsco leitarvél er með viðmót sem vanir notendur Gagnasafnanna á Hvar þekkja og ætti að vera auðvelt að sameina leitir í rafbókum og tímaritapökkunum. Mikilvægt er að notendur þurfi ekki að fara í flóknar aðgerðir við innskráningu til þess eins að geta leitað í söfnunum.

Við ýtarlegri samanburð á þessum söfnum kom Ebsco með mun fleiri niðurstöður ef leitir voru einskorðaðar við efni (su). Skipti ekki máli hvaða efnisgreinar sem henta mínum skóla voru skoðaðir.

Að því leiti finnst mér það betri kostur að hafa aðgang að Ebsco fremur en Ebrary, en það er þó alveg skilyrði að hægt verði leita í rafbókunum á leitir.is eins og í greinasöfnunum.

Samantekt Heilbrigðisvísindabókasafn LSH

Guðrún Kjartansdóttir

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH er áskrifandi að um 400 rafbókum. Þær eru aðgengilegar á innra neti

stofnunarinnar, í Læknagarði og í tölvuveri HÍ í Eirbergi, sem er kennsluhúsnæði hjúkrunarfræðideildar HÍ. Einnig hafa starfsmenn LSH og nemar heilbrigðisvísindasviðs HÍ aðgang að rafbókunum um fjaraðganginn Lerki sem Heilbrigðisvísindabókasafn LSH veitir þeim aðgang að. Umræddar rafbækur eru allar skráðar í Gegni, en einnig í upplýsingabrunn á heimsíðu Heilbrigðisvísindabókasafns. Mestur hluti rafbókanna er frá Ovid og hefur verið keyptur til eignar, en nokkrar rafbækur eru í áskrift. Heilbrigðisvísindabókasafn LSH hefur veitt aðgang að rafbókum í meira en 10 ár. Svo vill til að notkun rafbókanna hefur heldur dregist saman undanfarin ár. Skýringin gæti verið að litlu hefur verið bætt við rafbókakostinn, en þó hafa nýjar útgáfur verið keyptar á fyrirliggjandi titlum. Viðskiptavinir Heilbrigðisvísindabókasafns LSH virðast fremur nota innra net LSH en Gegni eða leitir.is til að leita að rafbókum.

Við skoðun á rafbókum frá Ebrary og EBSCOhost blasir fyrst og fremst við að viðmót EBSCOhost er viðskiptavinum Heilbrigðisvísindabókasafns LSH kunnugt vegna áskriftar safnins að gagnasafninu Cinahl frá EBSCOhost og er það gagnasafn mjög mikið notað. Heilbrigðisvísindabókasafn LSH hefur eingöngu not fyrir viðurkenndar fræðibækur. Bæði Ebrary og EBSCOhost innihalda eitthvað af bókum sem uppfylla þau skilyrði, en þó aðallega á sviði sálfræði og félagsvísinda. Textabækurnar sem teljast til grundvallarrita í heilbrigðisvísindum eru ekki að finna í þessum þökkum. Slagsíða sem um var rætt í rýnihópnum varðandi amerískt efni á kostnað evrópsks eða norræns efnis kemur þó ekki svo mjög að sök í heilbrigðisvísindunum, þótt breiddin sé alltaf af hinu góða. Norræni pakkinn frá Ebrary inniheldur trúlega ekki mikið fyrir heilbrigðisvísindin.

Ef yrði að kaupum Landsaðgangs að bókapakka, þá virðist EBSCOhost henta betur Heilbrigðisvísindabókasafni LSH vegna ofangreindra atriði og vegna þess að hann er talsvert ódýrari. Sölumenn frá Ebrary töluðu um að hugsanlega væri hægt að útbúa sérstakan textabókapakka eftir þörfum bókasafnanna. Eins og fjárhagsleg staða Heilbrigðisvísindabókasafns LSH er í dag, þá er ekki trúlegt að safnið hafa áhuga á að bæta við textabókum og þeim auka kostnaði sem það fæli í sér. Tímaritin er sá þáttur sem mest er notaður og líklegt er að fjármagnið til aðfanga fari að mestu í hann.

UMSAGNIR BÓKASAFNS MENNTAVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS OG BÓKASAFNS HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Leitað var til starfsfólks á bókasafni Menntasviðs HÍ og bókasafns HA til að skoða rafbókasöfnin sem voru til skoðunar. Hér að neðan fylgir samantekt þeirra.

Samantekt Bókasafn Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Kristína Benedikz

Til samanburðar voru gerðar nýu prufuleitir hjá EBSCOhost og Ebrary og mat lagt á efnið.

Tafla 3. Prufuleitir á sviði menntunar-, sérkennslu- og íþróttfræða

EBRARY

titles in education	3687	
reading early childhood	11	subject
sports	303	leitað eftir subject
sport psychology	0	leitað eftir subject
special education	53	leitað eftir subject
special education and inclusion	48654	einföld leit - mikið efni sem var ekki um education og inclusion
special education and inclusion	0	leitað eftir subject special education og inclus* (subject) tegund bækur
inclusive education	46	subject, teg. Bækur
Publishers	500	

EBSCO

titles in education	5240	
reading early childhood	9	subject
sports	807	leitað eftir subject
sport psychology	25	leitað eftir subject
special education	335	leitað eftir subject
special education and inclusion	81	engin afmörkun
special education and inclusion	34	special education -subject og inclus* subject (inclusion / inclusive education)
inclusive education	84	
Publishers (heild)	1000	

Rafbókasafnið frá EBSCOhost er talið henta betur fyrir efnissvið Bókasafns Menntavísindasvið HÍ þar sem meira efni er þar en hjá Ebrary. Leitarviðmótið hjá EBSCOhost er þægilegra og kostur að það er kunnuglegt notendum. Einföld leit í Ebrary er ómarkviss og skilar miklu magni sem er ótengt leitinni, ef ekki er valið að leita eftir subject. Leit í Ebrary er óþarflega flókin og gæti valdið því að margir notendur gæfust upp á að leita að efni þar.

Samantekt Bókasafns Háskólans á Akureyri

Astrid M. Magnúsdóttir

Viðmót EbscoHost er metið notendavinsamlegra en viðmót Ebrary, sérstaklega vegna þessa að það er áþekkt leitarviðmóti EbscoHost sem nú þegar er í landsaðgangi en HA er með þrjú gagnasöfn (CINAHL, PsycARTICLES og Fish, Fisheries & Aquatic Biodiversity Worldwide) í séráskrift hjá

EbscoHost. Ef Ebrary yrði valið yrði það þó engin hindrun fyrir notendur HA. Mikilvægt er að notendur geti einnig leitað að rafbókum í gegnum leitir.is en þá eru lýsigögnin sérstaklega mikilvæg. Þegar bornar eru saman niðurstöður á leitum eftir ákveðnum efnisorðum (m.a. samkv. skoðun þátttakenda í rýnihópnum) virðist meira vera til í Ebrary í lögfræði, sálfræði, iðjubjálfun og hjúkrun en meira efni til í viðskiptafræði og menntunarfræðum í EbscoHost. Ekki var lagt mat á gæði þeirra bóka sem vísað var í. Kennslubækurnar sem HA hefur mest áhuga á að kaupa rafrænt virðast ekki vera í bókapökkunum hjá hvorugum þessara aðila.

NIÐURSTAÐA RÝNIHÓPS UM RAFBÆKUR

Þörf bókasafna fyrir efni helgast af viðfangsefnum þeirra stofnanna sem bókasöfn þjónusta ásamt upplýsingahegðun viðskiptavina. Ef til vill má líkja rafbókapökkum frá EBSCOhost og Ebrary við „bland í poka“ að því leiti að birgjarnir leitast er við að hafa efni fyrir sem flest fræðasvið og að efnið er frekar á breiddina og síður á dýptina. Með miklum fjölda titla er reynt að sjá til þess að flestir finni eitthvað við sitt hæfi. Ekki er boðið upp á kennslubækur (textbooks) og ekki er mikið af viðurkenndum fræðibókum á heildina litið í rafbókasöfnunum. Nauðsynlegt er að finnanleiki og aðgengi að rafbókum í gegnum leitir.is verði hnökralaus. Þá væri mikill kostur ef innskráning á leitir.is gildir um leið sem innskráning í útlánaþátt rafbókasafns því að nauðsynlegt er að leið lánþegans að rafbókum verði með sem einföldustum hætti.

Anna Sveinsdóttir – Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar sem afgerandi afstaða til annars rafbókapakkans fram yfir hinn er ekki fyrir hendi (sjá samantekt hér fyrir ofan) er það sem ræður úrslitum þörf, aðgengi og kostnaður. Bókasafns- og upplýsingafræðingar á sérfræðisöfnum hafa ekki orðið varir við mikla þörf fyrir rafbækur. Þar eru bóka kaup einungis miðuð við eftirspurn, þ.e. það er keypt sem beðið er um og er í flestum tilfellum hægt að velja um að kaupa prentað eða rafrænt. Yfirleitt er prentað eintak keypt frekar en rafrænt, bæði vegna þess að notendur kjósa það frekar en líka vegna þess að ekki hefur verið skipulagt utanumhald um rafrænt keypt efni á bókasöfnunum. Hvað aðgengi varðar er lyklatríði að gögnin séu leitarbær á leitir.is. Ebsco viðmótið er kunnuglegt en Ebrary viðmótið féll samt flestum betur í geð. Þegar kemur að kostnaði á það sama við og annars staðar, þ.e. ekki er mikið svigrúm til hækkana. Þar er Ebsco pakinn vænlegri þar sem hann kostar umtalsvert minna.

Ásdís Hafstað – Menntaskólinn við Hamrahlíð. Betra var að leita í Ebrary með orðaleit í texta en leitarviðmót EBSCOhost er þægilegra á heildina litið. Mikilvægt að lýsigögn rafbókanna séu nýtanlega án vandkvæða í leitir.is. Vegna kunnugleika notenda á leitarviðmóti EBSCOhost er rafbókapakki þess talinn vera betri en skilyrði er að hægt verði leita í rafbókunum á leitir.is eins og í greinasöfnunum.

Ingi Þór Kormásson – Borgarbókasafn Reykjavíkur. Rafbókakostur Ebrary þykir heldur hentugri fyrir almenningssöfn en hjá EBSCOhost en báðir aðilar bjóða upp á ýmislegt gott í fræðibókageiranum. Aðgengi notenda að efni í gegnum leitir.is skiptir miklu máli. Frekar er mælt með Ebrary en ef kostnaður er talinn of mikill er áskrift að EBSCO talinn vænlegur kostur.

Guðrún Kjartansdóttir - Heilbrigðisvísindabókasafn LSH. Heilbrigðisvísindabókasafn LSH er áskrifandi að um 400 rafbókum. Viðmót EBSCOhost er viðskiptavinum Heilbrigðisvísindabókasafns LSH kunnugt vegna áskriftar að gagnasafninu Cinahl frá EBSCOhost. Heilbrigðisvísindabókasafn LSH hefur eingöngu not fyrir viðurkenndar fræðibækur. Bæði Ebrary og EBSCOhost innihalda eitthvað af viðurkenndum fræðibókum en þó aðallega á sviði sálfræði og félagsvísinda. Á undanförunum árum

hefur mikið verið skorið niður hjá safninu og ekki svigrúm til að auka útgjöld þess með áskrift að rafbókasafni. Ef yrði að kaupum Landsaðgangs að bókapakka, þá virðist EBSCOhost henta betur.

Ragna Björk – HR. Talið að efni rafbókasafnanna frá Ebrary og EBSCOhost geti nýst nemendum og kennurum. Frekar mælt með áskrift að Ebrary en ef hún reynist of dýr þá áskrift að EBSCOhost rafbókasafninu.

Sara Stef. Hildardóttir - Bókasafn og upplýsingaþjónusta Listaháskóla Íslands. Bókasafn Listaháskólans metur það sem svo að jafnvel gagnvart almennum lánþegum sé ekki réttlætanlegt að kaupa áskriftir að rafbókum með þessum hætti að svo stöddu. Hinsvegar sé full ástæða til að skoða t.d. Ebrary hjá ProQuest eftir þessi þrjú ár eða svo sem þau gefa sér til að útfæra og innleiða viðskiptamódel sín fyrir rafbækur framtíðarinnar.

Eins og kemur fram í mati annarra safna skila lýsigögn frá hvorugum aðila sér í leitir.is en það hlýtur að vera grundvallarskilyrði fyrir tilraun af þessari stærðargráðu. Að auki þarf að spyrja sig hvort tilraun af þessum toga svari einhverri skilgreindri þörf bókasafna til að vera samstíga notendum í að fóta sig í breyttu landslagi á útbreiðslu og útlánnum bóka. Tölfræði fyrir 2012 og 2013 gefa til kynna ákveðna mettun markaðarins m.t.t. sölu og lestur á rafbókum: <http://www.rougtype.com/?p=3590>.

Peningum hvers safns er líklegast betur varið í kaupum á rafbókum beint frá útgefanda eða í gegnum aðrar þjónustur í bili.

Bókasafn Listaháskólans mælist því til þess bíða með áskrift að rafbókum frá Ebsco eða ProQuest þar til framboð á markaði verður frambærilegra og svarar raunverulegri þörf lesenda og bókasafna.

FYLGISKJAL

Erindisbréf rýnihóps um rafbækur

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur ákveðið að setja saman rýnihóp til að skoða framboð á rafbókum á markaði og hvaða bókapakkar gætu hentað í áskrift fyrir hvar.is eða Landsaðgang að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum.

Helstu verkefni hópsins eru að skoða:

- Þörf íslenskra bókasafna fyrir rafbækur – er eftirspurn á Íslandi og meðal notenda bókasafna?
- Þörf mismunandi skólastiga / bókasafna fyrir rafbækur
- Efnissvið rafbóka – fagurbókmenntir, fræðirit, uppflettirit – annað
- Framboð á rafbókum bæði íslenskum og erlendum, yfirlit yfir birgja, útgefendur og endursöluaðila
- Viðskiptamódel birgja – Patron Driven Acquisition (PDA), áskriftir (licensing), kaup á rafbókum til eignar
- Hver er kostnaðurinn – greiðendur og greiðslulíkan?
- Rafbækur í landsaðgangi – eða áskriftir að rafbókum eftir safnategundum og notendahópum?
- Skilmálar fyrir útlánum rafbóka, afritunarvarnir, lýsigögn, form rafbóka PDF, ePub - annað?
- Ástand lýsigagna, til notkunar fyrir leitir.is? Eru lýsigögnin í Primo Central Index og Ex Libris Knowledge Base?
- Tillögur um efni sem myndi henta fyrir hvar.is
- Annað sem áhugavert er við þetta efni.

Í rýnihópnum eru:

Birgir Björnsson, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni – formaður

Ragna Björk Kristjánsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Sara Stef. Hildardóttir, Listaháskóla Íslands

Anna Sveinsdóttir, Náttúrufræðistofnun Íslands

Guðrún Kjartansdóttir, Bókasafni Landspítala

Ingvi Þór Kormáksson, Borgarbókasafni

Ásdís Hafstað, Bókasafn Menntaskólans í Hamrahlíð